

Borgarbyggð

Ársreikningur 2024

Borgarbyggð
Digranesgötu 2
310 Borgarnes

Kt. 5106942289

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun sveitarstjóra og sveitarstjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og áritun sveitarstjóra og sveitarstjórnar

Ársreikningurinn Borgarbyggðar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög; lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um bókhald; fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 7.551 millj. kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 6.556 millj. kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,97% sem er lögbundið hámark. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki var 0,35% en lögbundið hámark þess er 0,50%. Í B-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið hámark þess og í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,39% en lögbundið hámark þess er 1,65%.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð um 440 millj. kr. rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 319 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 6.685 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi fyrir A og B hluta, en eigið fé A hluta nam 6.273 millj. kr.

Ársreikningur Borgarbyggðar fyrir árið 2024 er tilbúin til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn.

Borgarnes, 3. apríl 2025

Sveitarstjóri:



Byggðaráð:

Thelma D. Hardardóttir 090396-2509
Sigrún Eiríksdóttir 201167-3939
David Sigurðsson 220982-3789
Guðrún Eyþórunn 010376-4919

Leifur Sigurðsson 020492-2959

Ársreikningur Borgarbyggðar fyrir árið 2024 hefur hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar í samræmi við samræmi við 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í sveitarstjórn.

Borgarnesi, 08.05.2025

Sveitarstjórn:

Thelma D. Hardardóttir 090396-2509
Þórunn L. Þórunn 100279-4799
Kristján Ágúst Magnússon 010872-3244
Sigrún Eiríksdóttir 201167-3939
Sigrún Ólafsdóttir 220465-5609
David Sigurðsson 220982-3789
Eva Margrét Jónudóttir 0105922679
Einar D. Traustason 130778-4109
Guðrún Eyþórunn 010376-4919

Áritun óháðs endurskoðanda

Til sveitarstjórnar Borgarbyggðar

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Borgarbyggðar („sveitarfélagið“) fyrir árið 2024, sem hefur að geyma samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. sveitarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins 31. desember 2024 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og sveitarstjórnarlög nr. 138/2011.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sveitarfélaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum

Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber sveitarstjórn og sveitarstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

Sveitarstjórn og sveitarstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun sveitarstjórnar og sveitarstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum við nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar rekstrareininga sem falla undir starfsemi sveitarfélagsins til að geta gefið álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar samstæðunnar og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum sveitarstjórn og byggðaráð meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu sveitarstjórnar og sveitarstjóra sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Borgarnesi, 8. maí 2025

KPMG ehf.

Haraldur Óni Reynisson

Rekstrarreikningur ársins 2024

		A hluti			A og B hluti		
	Skýr.	Ársreikningur 2024	Áætlun 2024 með viðaukum	Ársreikningur 2023	Ársreikningur 2024	Áætlun 2024 með viðaukum	Ársreikningur 2023
Rekstrartekjur							
Útsvar og fasteignaskattur	4	3.858.734	3.891.468	3.543.222	3.830.980	3.860.073	3.517.683
Framlög Jöfnunarsjóðs	4	1.754.002	1.676.497	1.500.289	1.754.002	1.676.497	1.500.289
Aðrar tekjur	4	943.093	934.478	920.244	1.966.439	1.839.947	1.837.128
		6.555.829	6.502.444	5.963.756	7.551.420	7.376.518	6.855.100
Rekstrargjöld							
Laun og launatengd gjöld	5	3.595.211	3.589.367	3.252.040	3.950.857	3.897.153	3.570.045
Lífeyrisskuldbinding, breyting	15	99.266	100.500	202.462	99.266	100.500	202.462
Annar rekstrarkostnaður		2.375.351	2.236.884	1.876.048	2.728.380	2.611.958	2.283.303
		6.069.828	5.926.751	5.330.550	6.778.503	6.609.611	6.055.810
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir .		486.002	575.693	633.206	772.917	766.907	799.290
Afskriftir	8	(171.219)	(182.646)	(160.522)	(263.245)	(276.495)	(255.834)
Rekstrarniðurstaða án fjármuna- tekna og fjármagnsgjalda		314.782	393.047	472.684	509.673	490.412	543.456
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	6	4.658	(118.879)	(11.103)	(70.657)	(216.288)	(159.813)
Hlutdeild í hlutdeildarfélögum		0	0	0	(366)	0	0
Hlutdeild minnihlut í afkomu		0	0	0	1.226	0	976
Rekstrarniðurstaða.....	14.	319.440	274.168	461.581	439.877	274.124	384.619

Efnahagsreikningur

Eignir

		A hluti		A og B hluti	
	Skýr.	2024	2023	2024	2023
Fastafjármunir					
Varanlegir rekstrarfjármunir:					
Fasteignir og lóðir	8	6.625.670	5.914.455	7.680.714	6.961.998
Veitur, hafnir og gatnakerfi	8	586.852	553.953	1.320.389	1.307.523
Vélar, áhöld og tæki	8	313.064	277.980	410.403	380.799
		7.525.586	6.746.389	9.411.506	8.650.319
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum	9	1.002.893	1.008.315	548.197	548.108
Langtímakröfur	11.	0	0	1.046.031	1.019.194
Fyrirframgreiddur kostnaður	12.	120.530	126.584	120.530	126.584
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	11.	45.563	47.265	0	0
		1.168.985	1.182.164	1.714.758	1.693.887
Fastafjármunir		8.694.571	7.928.553	11.126.264	10.344.206
Veltufjármunir					
Skammtímakröfur:					
Önnheimtar tekjur	13.	616.224	674.463	673.386	727.090
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki		478.167	561.748	0	0
Næsta árs afborganir eigin fyrirtæki	11.	3.957	3.649	0	0
Næsta árs afborganir langtímakrafna	11.	0	0	20.850	18.654
Fyrirframgreiddur kostnaður	12.	6.055	6.055	6.055	6.055
Aðrar skammtímakröfur		53.098	52.645	53.098	52.645
Skammtímaverðbréf		17.819	16.663	17.819	16.663
Handbært fé	3m	295.754	581.167	663.170	885.298
Veltufjármunir		1.471.074	1.896.390	1.434.378	1.706.405
Eignir samtals		10.165.645	9.824.943	12.560.642	12.050.611

31. desember 2024

Eigið fé og skuldir

		A hluti		A og B hluti	
	Skýr.	2024	2023	2024	2023
Eigið fé					
Eiginfjárreikningur	14.	6.273.437	5.953.997	6.684.703	6.244.827
Hlutdeild minnihluta í eigin fé	14.	0	0	43.494	44.720
		6.273.437	5.953.997	6.728.197	6.289.547
Skuldbindingar					
Lífeyrisskuldbinding	15	1.456.845	1.421.376	1.456.845	1.421.376
		1.456.845	1.421.376	1.456.845	1.421.376
Langtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir	16	1.522.491	1.611.539	3.296.229	3.380.576
		1.522.491	1.611.539	3.296.229	3.380.576
Skammtímaskuldir					
Skuldir við eigin fyrirtæki		6.000	4.573	0	0
Næsta árs greiðsla lífeyrisskuldbindingar	15	63.372	58.932	63.372	58.932
Næsta árs afborganir langtímaskulda	16	165.913	219.067	227.315	277.450
Aðrar skammtímaskuldir		677.588	555.458	788.683	622.729
		912.872	838.030	1.079.370	959.111
Skuldir og skuldbindingar samtals		3.892.208	3.870.945	5.832.444	5.761.064
Eigið fé og skuldir samtals		10.165.645	9.824.943	12.560.642	12.050.611
Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings					
	18				

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2024

		A hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur	Áætlun 2024	Ársreikningur	Ársreikningur	Áætlun 2024	Ársreikningur
	Skýr.	2024	með viðaukum	2023	2024	með viðaukum	2023
Rekstrarhreyfingar							
Rekstrarniðurstaða.....	14.	319.440	274.167	461.581	439.877	274.122	384.619
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir	8	171.219	182.646	160.522	263.245	276.495	255.834
Verðbætur		78.158	120.327	140.169	98.522	143.382	172.534
Hlutdeild minnihluta í afkomu		0	0	0	(1.226)	0	(976)
(Hagnaður) tap af sölu rekstrarfjármuna (.....		6.412)	0	(1.241)	(8.044)	0	(15.566)
Niðurfærsla eignarhluta		5.877	0	(2.089)	0	0	0
Framlög eigin fyrirtækja		0	0	0	0	22.680	0
Hækkun á lífeyrisskuldbindingu	15	99.266	99.559	202.462	99.266	99.559	202.462
Veltufé frá rekstri		667.547	676.699	961.405	891.639	816.238	998.907
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:							
Fyrirframgr.kostnaður, breyting	12.	6.055	6.055	6.055	6.055	6.055	6.055
Óinnheimtar tekjur, breyting		58.239	0	85.594	53.704	0	76.582
Aðrar skammtímakr., breyting		(453)	0	(12.157)	(453)	0	5.272
Skammtímaskuldir, breyting		56.218	0	(12.723)	100.043	0	(9.305)
Greiðslur v/lífeyrisskuldbindingar .	15	(59.357)	(31.814)	(49.861)	(59.357)	(31.814)	(49.861)
Samtals		60.701	(25.759)	16.908	99.991	(25.759)	28.742
Handbært fé frá rekstri		728.249	650.940	978.312	991.630	790.479	1.027.649
Fjárfestingarhreyfingar							
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	8	(1.018.463)	(1.701.820)	(311.454)	(1.092.794)	(1.829.220)	(411.925)
Ógreitt v/fjárfest. rekstrarfjárm.		65.912	0	0	65.912	0	0
Söluverð rekstrarfjármuna		9.145	200.000	1.271	11.093	200.000	59.996
Gatnagerðagjöld	8	65.313	20.000	15.720	65.313	20.000	15.720
Eignarhlutir í félögum, breyting		(455)	(17.000)	0	(89)	(17.000)	0
Langtímakröfur, breyting		0	0	0	20.155	25.176	19.041
Langtímakr. á eigin fyrirt., breyting...		3.823	(30.971)	(8.458)	0	0	0
Skammtímaverðbréf, breyting.....		(1.156)	0	(618)	(1.156)	0	(618)
Fjárfestingarhreyfingar		(875.881)	(1.529.791)	(303.538)	(931.565)	(1.601.044)	(317.786)
Fjármögnunarhreyfingar							
Framlög eigin fyrirtækja		0	0	0	0	17.600	0
Viðskiptast. eigin fyrirt., breyting		85.008	54.205	(242.319)	0	0	0
Tekin ný langtímalán		0	870.000	0	0	870.000	0
Afborganir langtímalána	16	(222.789)	(237.791)	(263.080)	(282.194)	(309.983)	(513.595)
Fjármögnunarhreyfingar		(137.781)	686.414	(505.399)	(282.194)	577.617	(513.595)
(Lækkun) hækkun á handbæru fé ..		(285.413)	(192.437)	169.375	(222.129)	(232.948)	196.268
Br. handbært fé MB í ársbyrjun		0	0	0	0	0	3.480
Handbært fé í ársbyrjun.....		581.167	341.000	411.792	885.298	667.385	685.550
Handbært fé í árslok.....		295.754	148.563	581.167	663.170	434.437	885.298

Skýringar

1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Borgarbyggð er sveitarfélag á Vesturlandi og var fjöldi íbúa þess 4.102 1. janúar 2025. Skrifstofa sveitarfélagsins er að Digranesgötu 2 í Borgarbyggð.

Mælt er fyrir um grundvallarpætti stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuársreikningur Borgarbyggðar fyrir árið 2024 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til samræmis við reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015 er settur fram rekstrarreikningur, efnahagsreikningur, sjóðstreymisýfirlit og viðeigandi skýringar fyrir A hluta sveitarfélagsins.

Til samræmis við 3. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 1212/2015 eru byggðasamlög, sameignarfélög, sameignarfyrirtæki og önnur félagaform sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélagsins færð inn í samantekin reikningsskil sveitarfélagsins miðað við hlutfallslega ábyrgð sveitarfélagsins. Í ársreikningi sveitarfélagsins er þessi ábyrgðarhlutdeild skilgreind sem hludeild í samstarfsverkefnum og er gert grein fyrir þeim í skýringu 10.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans eru Eignasjóður og Menningarsjóður Borgarbyggðar. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Vatnsveita, Sorphirða, Félagslegar íbúðir, Hjálmaklettur, Menntaskóli Borgarfjarðar, Nemendagarðar MB, Fasteignin Brákarhlíð, Reiðhöllin Vindási ehf., Ljósleiðari Borgarbyggðar og Fjallskilasjóðir auk hlutdeildar sveitarfélagsins í samstarfsverkefnum.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga, samstarfsverkefna og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningnum. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum nema annað sé tekið fram.

a. Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyra útsvar, fasteignaskattur og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Tekjur vegna gatnagerðar eru færðar til lækkunar á framkvæmdakostnaði vegna nýbyggingar gatnamannvirkja sbr. d. lið.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

d. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við öflun rekstrarfjármuna. Frá kostnaðarverði dragast frá álögð gatnagerðargjöld og önnur framlög vegna stofnkostnaðar.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar á hverjum reikningsskiladegi. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárreikning.

e. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir	25-50 ár
Veitukerfi	25 ár
Gatnakerfi	25 ár
Vélar, áhöld og tæki	5-10 ár

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

f. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði, að frádreginni niðurfærslu vegna virðisrýrnunar. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

Sveitarfélagið færir í samanteknum reikningsskilum sínum hlutdeild í einstökum liðum rekstrar og efnahags byggðasamlaga, sameignarfélaga, sameignarfyrirtækja og annarra félagaforma sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélagsins.

g. Langtímakröfur

Almennar langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikning meðal veltufjármuna.

Langtímakrafa á ríkissjóð vegna leigusamninga um hjúkrunarheimili

Langtímakrafa á ríkissjóð vegna leigusamninga um hjúkrunarheimili er færð til eignar á bókfærðu virði sem nemur lágmarksleigugreiðslum leigusamningsins núvirtum með 4,5% vöxtum.

h. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjors A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og eru framlag í lífeyrisaukasjóðs gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

j. Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

i. Skammtímaverðbréf

Sveitarfélagið hefur fjárfest í verðbréfum til skammtímaávöxtunar og eru þau færð sem sérstakur liður, skammtímaverðbréf, meðal veltufjármuna.

k. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

l. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingarfræðilegrar úttektar í árslok 2024. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 15. Áætlaðar næsta árgreiðslur sveitarfélagsins vegna lífeyrisskuldbindingar eru færðar meðal skammtímaskulda.

m. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

n. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Upplýsingar um ábyrgðir og skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings eru birtar í skýringu 18.

o. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2024 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisýfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem sveitarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykktu fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringu 22.

4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2024	Áætlun 2024 með viðaukum	Ársreikningur 2023	Ársreikningur 2024	Áætlun 2024 með viðaukum	Ársreikningur 2023
Útsvar og fasteignaskattar:						
Útsvar	3.049.981	3.092.776	2.834.936	3.049.981	3.092.776	2.834.936
Fasteignaskattur	673.146	663.347	587.600	645.391	631.952	562.061
Lóðarleiga	135.607	135.345	120.686	135.607	135.345	120.686
	3.858.734	3.891.468	3.543.222	3.830.980	3.860.073	3.517.683
Framlög Jöfnunarsjóðs:						
Fasteignaskattsframlag	275.920	282.779	253.395	275.920	282.779	253.395
Útgjaldajöfnunarframlag	794.567	743.737	717.511	794.567	743.737	717.511
Framlög vegna fræðslumála....	452.341	418.393	359.456	452.341	418.393	359.456
Framlög v/málefna fatlaðra....	177.182	187.461	132.590	177.182	187.461	132.590
Framlög v/sérþarfa fatlaðra....	18.796	16.953	18.468	18.796	16.953	18.468
Framlög vegna sameininga....	8.708	0	0	8.708	0	0
Önnur framlög.....	26.489	27.174	18.870	26.489	27.174	18.870
	1.754.002	1.676.497	1.500.289	1.754.002	1.676.497	1.500.289
Skatttekjur samtals.....	5.612.737	5.567.965	5.043.511	5.584.982	5.536.570	5.017.972
Aðrar tekjur:						
Aðrar tekjur.....	943.093	934.478	920.244	1.966.439	1.839.947	1.837.128
Rekstrartekjur samtals	6.555.829	6.502.444	5.963.756	7.551.420	7.376.518	6.855.100

Skýringar, frh.:

5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2024	Áætlun 2024 með viðaukum	Ársreikningur 2023	Ársreikningur 2024	Áætlun 2024 með viðaukum	Ársreikningur 2023
Laun	2.870.160	2.900.963	2.607.711	3.149.149	3.130.003	2.926.118
Launatengd gjöld	688.401	682.327	614.669	765.057	761.073	614.894
Framlög vegna uppgjörs						
A deildar Brúar lífeyrissjóðs.	6.055	6.055	6.055	6.055	6.055	6.055
Áfallinn launakostnaður, br.....	30.597	22	23.605	30.597	22	22.978
Laun og launat. gjöld samtals	3.595.211	3.589.367	3.252.040	3.950.857	3.897.153	3.570.045

	2024	2023
Fjöldi starfsmanna í árslok.....	393	375
Fjöldi stöðugilda í árslok.....	319	303
Ársverk.....	316	308
Laun og launatengd gjöld sveitarstjóra og sveitarstjórnar.....	74.363	59.274

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2024	Áætlun 2024 með viðaukum	Ársreikningur 2023	Ársreikningur 2024	Áætlun 2024 með viðaukum	Ársreikningur 2023
Vaxtatekjur og verðbætur	35.631	10.000	32.057	155.522	83.903	174.262
Arður af eignarhlutum.....	61.033	50.000	120.794	57.559	50.000	52.722
Vaxtagjöld og verðbætur.....	(118.743)	(195.011)	(187.317)	(283.643)	(350.191)	(386.741)
Gengismunur	0	0	0	(94)	0	(56)
Vextir frá eigin fyrirtækjum	26.738	16.132	23.364	0	0	0
Fjármunatekjur og						
(fjármagnsgjöld) samtals.....	4.658	(118.879)	(11.103)	(70.656)	(216.288)	(159.813)

Skýringar, frh.:

7. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig. Í yfirlitinu eru birtar upplýsingar um rekstrartekjur að fráðregnum rekstrargjöldum viðkomandi rekstrareininga.

	Ársreikningur 2024	Áætlun 2024 með viðaukum	Ársreikningur 2023
Aðalsjóður:			
Skatttekjur	5.694.217	5.658.296	5.121.337
Félagsþjónusta	(683.332)	(619.931)	(502.144)
Heilbrigðismál	(23.812)	(21.048)	(9.668)
Fræðslu- og uppeldismál	(3.087.554)	(3.024.019)	(2.746.790)
Menningarmál	(151.522)	(168.952)	(146.052)
Æskulýðs- og íþróttamál	(538.023)	(532.161)	(456.447)
Brunamál og almannavarnir	(131.191)	(140.459)	(110.054)
Hreinlætismál	(6.285)	(8.273)	(2.824)
Skipulags- og byggingarmál	(209.649)	(239.458)	(201.681)
Umferðar- og samgöngumál	(185.195)	(185.979)	(118.594)
Umhverfismál	(73.519)	(72.978)	(57.572)
Atvinnumál	(15.279)	(21.511)	(20.050)
Framlög til B-hluta	(396)	(1.600)	(1.267)
Sameiginlegur kostnaður	(482.669)	(457.142)	(435.798)
Lífeyrisskuldbinding, breyting og framlag vegna A deildar Brúar	(105.320)	(106.556)	(208.516)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	238.861	194.845	300.164
Aðalsjóður samtals	239.330	253.075	404.045
A hluta stofnanir:			
Eignasjóður.....	79.384	20.959	54.275
Menningarsjóður Borgarbyggðar.....	725	134	3.261
A hluti samtals	319.440	274.168	461.581
B hluta fyrirtæki:			
Vatnsveita.....	(449)	(148)	(1.814)
Sorphirða.....	51.259	(2.286)	(42.191)
Félagslegar íbúðir.....	9.462	795	(15.592)
Hjálmaklettur.....	(4.368)	10.874	274
Menntaskóli Borgarfjarðar.....	87	(6.020)	6.628
Nemendagarðar MB.....	578	(233)	(368)
Fasteignin Brákarhlíð.....	1.847	219	(3.525)
Reiðhöllin Vindási ehf.....	(2.933)	(4.422)	(3.584)
Ljósleiðari Borgarbyggðar.....	(5.645)	(6.305)	(10.723)
Fjallskilasjóðir.....	(1.027)	(1.921)	(636)
Samstarfsverkefni B hluti.....	68.315	34.403	63.553
Hlutdeild minnihluta í afkomu	1.226	0	976
Millifærslur	2.085	(25.000)	(69.960)
A og B hluti	439.876	274.124	384.619

Skýringar, frh.:

8. Varanlegir rekstrarfjármunir

a. Bókfært verð

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Gatnakerfi	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
A hluti:				
Heildarverð 1.1.2024.....	8.134.427	819.945	713.133	9.667.504
Keypt á árinu	813.840	130.265	74.357	1.018.463
Gatnagerðargjöld.....	0	(65.313)	0	(65.313)
Selt og niðurlagt á árinu	0	0	(14.956)	(14.956)
Heildarverð 31.12.2024.....	8.948.267	884.896	772.534	10.605.698
Afskrifað 1.1.2024.....	2.219.972	265.992	435.152	2.921.116
Afskrift færð út	0	0	(12.223)	(12.223)
Afskrifað á árinu	102.626	32.053	36.540	171.219
Afskrifað samtals 31.12.2024.....	2.322.598	298.044	459.470	3.080.112
Bókfært verð 1.1.2024.....	5.914.455	553.953	277.980	6.746.389
Bókfært verð 31.12.2024.....	6.625.670	586.852	313.064	7.525.586
Afskriftarhlutföll.....	0-4%	4%	0-20%	

	Fasteignir og lóðir	Veitur, hafnir og gatnakerfi	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
A og B hluti:				
Heildarverð 1.1.2024.....	9.858.548	2.161.657	951.209	12.971.415
Keypt á árinu	857.751	149.967	85.075	1.092.794
Gatnagerðargjöld.....	0	(65.313)	0	(65.313)
Selt og niðurlagt á árinu	(233)	(48)	(15.307)	(15.588)
Endurflokkun á milli eignaflokka.....	(7.056)	0	7.056	0
Heildarverð 31.12.2024.....	10.709.010	2.246.263	1.028.034	13.983.307
Afskrifað 1.1.2024.....	2.896.550	854.134	570.411	4.321.095
Afskrift færð út	(7.056)	0	(5.482)	(12.539)
Afskrifað á árinu	138.802	71.740	52.703	263.245
Afskrifað samtals 31.12.2024.....	3.028.296	925.874	617.631	4.571.801
Bókfært verð 1.1.2024.....	6.961.998	1.307.523	380.799	8.650.319
Bókfært verð 31.12.2024.....	7.680.714	1.320.389	410.403	9.411.506
Afskriftarhlutföll	0-4%	4%	0-20%	

* Lóðir og lendur sveitarfélagsins sem það hefur leigutekjur af voru ekki endurmetnar í árslok 2024 til samræmis við álit reikningsskilanefndar sveitarfélaga nr. 2/2010 þar sem breyting gangvirðis var undir 5%.

Skýringar, frh.:

8. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.:

b. Fjárfesting

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu sundurliðast þannig:

	Fjárfesting 2024	Áætlun 2024 með viðaukum	Mismunur við áætlun
A hluti:			
Fasteignir og önnur mannvirki			
Grunnskólar	634.632	841.000	(206.368)
Leikskólar	109.730	46.000	63.730
Íþróttamannvirki	54.928	364.000	(309.072)
Safnahús	13.873	20.000	(6.127)
Ýmislegt	677	4.000	(3.323)
	813.840	1.275.000	(318.522)
Gatnakerfi og búnaður:			
Framkvæmdakostnaður	70.580	127.500	(56.920)
Gatnagerðargjöld	(65.313)	(20.000)	(45.313)
Gangstígar	60.307	131.000	(70.693)
	65.573	238.500	(172.927)
Lausafjármunir:			
Áhaldahús, bifreiðar	5.473	7.000	(1.527)
Slökkvilið, bifreiðar	51.845	55.000	(3.155)
Brákarey, uppbygging	8.022	100.000	(91.978)
Leiksvæði	3.846	0	3.846
Biðskýli	4.550	6.320	(1.770)
